



Heiti áfanga: Upptökur og hljóðblöndun

Áfanganúmer: UPPTÖKUR 101, Haust 2020

Prep: 2

Fyrir hvaða bekk: 3N og 3F

Aðili sem kynnir áfanga: Leó Ingi Sigurðarson

Forkröfur: Engar

Lýsing:

Í áfanganum er nemendum kynnt saga upptökutækninnar. Farið yfir þróunarsögu búnaðar og aðferðafræðina sem þróaðist meðfram tækninni. Þá verður farið í það hvernig upptökuiðnaðurinn hefur haft áhrif á efnahagslegar og samfélagslegar breytingar. Skoðað verður hvernig samspil menningar og tækni hefur haft áhrif á heiminn. Við munum einnig sjá hvaða miðlar voru til staðar og hvernig þeir voru notaðir til þess að búa til stjórnur og hvernig þær hafa síðan þróast í gegnum tíðina.

Ég mun hafa heimaverkefni þar sem nemendur greina lög niður og segja frá því afhverju lögín hljóma vel, eða hvaða nýjung á sér stað í þeirri upptöku eða hvað annað það er sem gerir þessa ákveðnu upptöku svona góða. Fá þau til að meta gæði og í hverju þau felast og velta því fyrir sér hvort fegurðin sé í eyrum hlustandans eða hvort það sé eitthvað sem er í eðli sínu fallett.

Það verða verkleg verkefni sem felast í því að læra á tæknina við upptökur. Hvaða hljóðnema skal velja, hvernig hann skal vera stilltur, hvort það eigi að nota tónjafnara (e.equalizer), þjappara (e. compressor) og önnur tól til að ná fram ákveðnum hljóðum og dýnamík í upptökum.

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- Upptökusögu
- Upptökutækni

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Efla hljóðgreiningu, heyra mun á hljóðfærum og effektum
- Kunna að stilla upptökugræjur til að fá fram það hljóð sem það vill
- Skilja hvernig upptökutæknin hefur breyst og haft áhrif á lögín sem búin eru til

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þekkingu sína og leikni til að:

- Vita hvað sé góð upptaka og afhverju
- Heyra mun á upptökutækni í gegnum tímunn, vita hvað er tekið upp 1930, 40, 50 o.s.fv. og geta þekkt það útfrá tæknilegum atriðum.

Námsmat: Fjölbreytt námsmat sem endurspeglar markmið áfangans.